

4. gr.

Sú fjárhæð sem kemur í hlut hvers skips verður notuð til aðstoðar útgerðum við greiðslu vaxta og afborgana þeirra lána, er styrkirnir tilheyra, á þriggja ára tímabili, frá og með 14. febrúar 1975 til og með 13. febrúar 1978, svo og til greiðslu á þeim hluta eigin framlags vegna skipakaupa erlendis, sem var umsaminn en ógreiddur hinn 14. febrúar 1975. Útborgun styrks fer fram á gjalddögum hinna erlendu skulda í sem jöfnustum greiðslum á fyrrgreindu þriggja ára tímabili. Ef erlent eða gengistryggt lán fellur að öllu leyti í gjalddaga fyrir 13. febrúar 1978 fer útborgun styrks fram í sem jöfnustum greiðslum á eftirstöðvum lánstímans.

5. gr.

Réttur til styrks samkvæmt reglum þessum fylgir því erlenda eða gengistryggða láni, sem hann er veittur út á, og nýtur því skuldari lánsins hverju sinni styrksins, þótt skuldskeyting eigi sér stað einu sinni eða oftár fyrir 13. febrúar 1978.

6. gr.

Verði inneign á reikningi, þegar viðkomandi útgerð hefur greitt sína árlegu afborgun eða tvær misserisgreiðslur, er heimilt að greiða mismuninn út af reikningnum til útgerðarinnar.

7. gr.

Ef skip er selt úr landi falla niður allar styrkgreiðslur er skipið átti rétt á samkvæmt reglum þessum. Innstæða á reikningi þess skal þá færð á geymslureikning Fiskveiðasjóðs sbr. 3. gr.

8. gr.

Ef skip ferst eða er dæmt ónýtt skal þegar tekjufæra reikning þess fyrir öllum þeim styrk, er skipið á rétt á og nota fjárhæðina til uppgreiðslu hinna erlendu og gengistryggðu lána, ellegar greiða skipeiganda fjárhæðina.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1975 til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. október 1975.

Matthías Bjarnason.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um landgræðslustörf skólafólks.

1. gr.

Landgræðsla ríkisins velur verkefni fyrir landgræðslustörf skólafólks í Reykjavík á því sviði, sem Landgræðslu ríkisins varðar, að fengnum tillögum Landverndar. Á sama hátt velur Skógrækt ríkisins verkefni í þágu skógræktar að fengnum tillögum Skógræktarfélagi Íslands.

2. gr.

Búnaðarsambönd skipuleggja landgræðslustörf á sambandssvæðum utan Reykjavíkur. Heimilt er búnaðarsamböndum að leita samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, gróðurverndarnefndir og náttúruverndarsamtök um verkefnaval.

3. gr.

Verkefni skulu valin í samráði við hlutaðeigandi skólustjóra. Skólustjóri ákveður hvaða daga á skólaárinu skal unnið.

4. gr.

Ef henta þykir má mynda héraðs- eða landshlutaneindir er í séu fulltrúar þeirra aðila, er um getur í 1., 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar. Hlutverk nefnda þessara yrði að samræma landgræðslustörf skólafólks innan viðkomandi svæðis með því að gera tillögur um val verkefna og framkvæmd þeirra.

5. gr.

Fyrir 1. mars ár hvert skal ákveðið að hvaða verkefnum skuli unnið og skal þá skólustjóri í samráði við þann sem skipulagt hefur verkefni einnig hafa tekið ákvörðun um hvaða aldursflokkar verða kvaddir til starfa á árinu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 58/1974, um landgræðslustörf skólafólks, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 276/1975 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 2. október 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

24. mars 1975.

Nr. 449.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Reyðarfjarðar.

GJALDSKRÁRLIÐIR:

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

1. Lýsing.

11. Fast gjald kr.	F1
Orkugjald	22.74 á kWst.
12. Fast gjald	F1 + F2
Orkugjald	10.88 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

21. Fast gjald	F1 + F3
Orkugjald	6.54 á kWst.

3. Vélanotkun.

31. Fast gjald	F1 + F2
Lágmarksgjald	48 × F1 á ári.
Orkugjald	13.85 á kwst.
32. Aflgjald lágmark 2 kw	19 096.00 á ári.
Aflgjald frá 2—5 kw	9 548.00 á kw á ári.
Fast gjald	F1 + F3
Orkugjald	3.18 á kwst.